

Fundargerð

28. fundur svæðisskipulagsnefndar höfuðborgarsvæðisins var haldinn föstudaginn 28. september 2012 kl. 13:30 að Borgartúni 12 – 14

Mættir:

Reykjavík:

Páll Hjaltason og Júlíus Vífill Ingvarsson

Kópavogsbær:

Kristinn Dagur Gissurarson

Hafnarfjarðarbær:

Sigríður Björk Jónsdóttir

Garðabær:

Stefán Konráðsson og Steinþór Einarsson

Mosfellsbær:

Bryndís Haraldsdóttir

Seltjarnarnesbær:

Ólafur Egilsson og Ragnhildur Ingólfssdóttir

Sveitarfélagið Álftanes:

Kristinn Guðlaugsson og Guðmundur G. Gunnarsson

Kjósarhreppur:

Oddur Víðisson og Sigurbjörn Hjaltason

Ennfremur sátu fundinn Haraldur Sigurðsson verkefnisstjóri á skipulags- og byggingasviði Reykjavíkurborgar og Reynir Kristinsson ráðgjafi hjá NOR ehf.

Formaður, Páll Hjaltason setti fund og stýrði.

1. Fundargerð síðasta fundar.

Fundargerðin lögð fram og samþykkt án athugasemda

Formaður óskaði eftir því að varaformaður, Sigríður Björk Jónsdóttir tæki við fundarstjórn vegna 2. liðar á dagskrá fundarins.

Sigríður Björk tók við fundarstjórn.

2. Erindi Reykjavíkurborgar; „Tillaga að svæðisskipulagsbreytingu vegna Holtsganga – NLSH

Haraldur Sigurðsson fór yfir og gerði grein fyrir meginþáttum máls, þ.m.t. þeim athugasemdum sem bárust í kjölfar auglýsingar á tillögunni. Innkomnar athugasemdir ásamt greinargerð skipulagssviðs Reykjavíkurborgar vegna þeirra lágu fyrir fundinum.

Umræður

Kristinn Dagur gerði grein fyrir samþykkt skipulagsnefndar Kópavogs frá því í júlí s.l. og lagði fram tillögu sem hann óskaði að yrði borin upp.

Niðurstaða:

Eftirfarandi tillaga Kristins Dags var samþykkt með áorðnum breytingum svæðisskipulagsnefndar:

Svæðisskipulagsnefnd höfuðborgarsvæðisins

„Í ljósi fram kominna athugasemda vegna Holtsganga og aukins byggingarmagns á lóð Landspítala-Háskólasjúkrahúss, sem og bókunar Skipulagsnefndar Kópavogs frá 17. júlí 2012 er lagt til að svæðisskipulagsnefnd höfuðborgarsvæðisins fresti afgreiðslu málsins. Jafnframt er fagráði svæðisskipulagsnefndar sem skipað er skipulagsfulltrúum sveitarfélaganna falið að fjalla um þær breytingar sem lagðar eru til, út frá skipulagslegum sjónarmiðum og með tilliti til heildarhagsmuna íbúa höfuðborgarsvæðisins og landsins alls. Fagráðið skili niðurstöðum eins fljótt og auðið er og í kjölfarið verði boðað til fundar í svæðisskipulagsnefnd“

Formaður, Páll Hjaltason tók aftur við fundarstjórn.

3. Endurskoðun svæðisskipulags höfuðborgarsvæðisins - tillaga að verk-, tíma og kostnaðaráætlun

Reynir Kristinsson kynnti tillögu að fyrsta áfanga verk- tíma- og kostnaðaráætlunar vegna vinnu við endurskoðun á núgildandi svæðisskipulagi höfuðborgarsvæðisins. Tillagan byggir m.a. á niðurstöðum úr vinnufundi Svæðisskipulagsnefndarinnar sem haldinn var í Kríunesi í Kópavogi 24. ágúst sl. í kjölfar undirritunar á nýju samkomulagi um svæðisskipulag höfuðborgarsvæðisins.

Umræður.

Fundarmenn voru sammála um þau verkefni sem vinna þarf fram að áramótum. Varðandi kostnaðaráætlunina fyrir árið 2013 voru fundarmenn sammála um að koma þyrfti henni til Skipulagsstofnunar og sveitarfélaganna sem fyrst.

Niðurstaða:

Svæðisskipulagsnefnd samþykkir að fagráðið taki strax til við þau verkefni sem tilgreind eru og skal lokið fyrir áramót. Einnig samþykkir hún fram lagða fjárhagsáætlun fyrir árið 2013 með fyrirvara um samþykki sveitarstjórna.

Fleira ekki gert, fundi slitið kl. 14:50